

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um kostnað einstaklinga sem eiga rétt á greiðsluþátttöku
Sjúkratrygginga vegna lýtalækninga.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur.

- Hvernig hyggst ráðherra tryggja að einstaklingar sem eiga rétt á greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga þurfi ekki að bera fjárhagslegan kostnað vegna þess að samkomulag um gjaldskrá hefur ekki tekist vegna verka lýtalækna?
- Hver er fjöldi einstaklinga í ofangreindri stöðu það sem af er árinu 2023 og hver er meðalkostnaður sem þeir hafa borið vegna aðgerða og annarrar heilbrigðisþjónustu lýtalækna?
- Stendur til að endurgreiða einstaklingum útlagðan kostnað vegna þessa? Ef ekki, hvers vegna?

Skriflegt svar óskast.